

STJÓRNARTÍÐINDI B 150 – 2004

6. desember 2004

2379

Nr. 958

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 522/2004, um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, með síðari breytingum.

1. gr.

1. málsl. 6. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Íbúðabréf skulu gefin út sem framseljanleg rafrænt eignarskráð veðbréf.

2. gr.

9. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Áður en Íbúðalánasjóður veitir lán samkvæmt þessari reglugerð skal væntanlegur lán-taki fá greiðslugetu sína metna í samræmi við reglur sem stjórn sjóðsins setur. Ef þau skil-yrði eru ekki uppfyllt er sjóðnum heimilt að synja um lánveitingu.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 17. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna „eða fasteignaveðbréfs“ í 1. mgr. kemur: eða annarra skuldabréfa í eigu Íbúðalánasjóðs.
- b. Í stað orðanna „eða fasteignaveðbréf“ í b-lið 2. mgr. kemur: eða annað skuldabréf í eigu Íbúðalánasjóðs.

4. gr.

31. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Íbúðalánasjóður heimilar ekki nýja veðsetningu á undan ÍLS-veðbréfi nema getið sé um slíka veðsetningu í veðbréfinu. Koma þau lán til frádráttar hámarksfjárhæð.

Íbúðalánasjóði er heimilt að fallast á veðsetningu á undan öðrum áhvílandi lánnum sjóðs-ins en ÍLS-veðbréfum, svo fremi sem sameiginleg uppreiknuð fjárhæð eftirstöðva lánsins og nýs láns er ekki hærri en hámarkslán Íbúðalánasjóðs á hverjum tíma, hún rúmist innan mats-verðs eignarinnar og brunabótamats skv. 30. gr. og fari ekki yfir 90% af markaðsvirði hennar.

5. gr.

Á eftir orðunum „Skuldurum fasteignaveðbréfa“ í 34. gr. reglugerðarinnar bætast við orðin: og viðbótarlána.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 19. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um viðbótarlán, nr. 783/1998, með síðari breytingum.

Viðbótarlán sem samþykkt hafa verið af húsnæðisnefnd viðkomandi sveitarfélags fyrir 4. desember 2004 skulu afgreidd samkvæmt ákvæðum VII. kafla laga um húsnæðismál og reglugerðar um viðbótarlán. Samanlögð fjárhæð viðbótarláns og almenns láns skv. VI. kafla sömu laga getur að hámarki numið 13.000.000 kr.

Félagsmálaráðuneytinu, 6. desember 2004.

Árni Magnússon.

Guðjón Bragason.

REGLUGERÐ um lánshlutfall og fjárhæð ÍLS-veðbréfa.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um lánshlutfall og fjárhæðir ÍLS-veðbréfa, sem gefin eru út samkvæmt lögum um húsnæðismál, nr. 44/1998, með síðari breytingum.

Um framkvæmd og nánari skilyrði lánveitinga Íbúðalánasjóðs gildir reglugerð um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf.

2. gr.

Lánshlutfall.

Fjárhæð ÍLS-veðbréfs skv. VI. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf getur numið allt að 90% af matsverði íbúðar.

3. gr.

Hámarksfjárhæð.

Hámarkslán Íbúðalánasjóðs bæði til kaupa á notaðri íbúð og vegna nýbygginga er 14.900.000 kr. Uppfærð áhvílandi lán Íbúðalánasjóðs og framar áhvílandi veð annarra veðhafa koma til frádráttar fyrrgreindri fjárhæð.

4. gr.

Hámark lána vegna viðauka og til endurbóta.

Lán skv. VII. kafla reglugerðar um ÍLS-veðbréf og íbúðabréf, ásamt öllum uppfærðum lánnum sem á undan hvíla, skal rúmast innan 90% af matsverði viðkomandi íbúðar.

Fjárhæð láns samkvæmt þessari grein og uppreiknaðra áhvílandi lána Íbúðalánasjóðs, má samanlagt ekki nema hærri fjárhæð en 14.900.000 kr. Aukalán til einstaklinga með sérþarfir skerða ekki þetta hámark.

Útgefið ÍLS-veðbréf samkvæmt þessari grein skal að lágmarki nema 570.000 kr.